

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, niðurfelling frístundabyggðasvæða og göngu- og reiðleiðar sunnan Akrafjalls.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 frá 19. maí 2010.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Tveimur svæðum (F24c og F24d) fyrir frístundabyggð í landi Kúludalsár 3 og 4, samtals 28,3 ha að stærð, er breytt í landbúnaðarsvæði.
- Nyrðri göngu- og reiðleið í landi Kirkjubóls, Innra-Hólms og Kúludalsár 2 er felld niður innan jarðanna. Bætt er við nýrri tengingu milli syðri og nyrðri göngu- og reiðleiða í landi Kúludalsár.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 21. október 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.